



GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400
www.grenivik.is

Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið
b.t. Jóns Þrándar Stefánssonar
Skúlagötu 4
101 Reykjavík.

Grenivík 11 janúar 2022.

Tilv.: ANR21110332/11.02.07

Varðar byggðakvóta til Grenivíkur.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tók erindið fyrir á fundi sínum í gær og bókaði eftirfarandi undir dagskrárlið nr. 8:

„8. Erindi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, úthlutun byggðakvóta 2021/2022, dags. 23. des. 2021.

Með bréfi Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis dags. 23. des. 2021, er boðuð úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2021/2022 og koma 156 þorskígildistonn í hlut Grýtubakkahrepps. Jafnframt er óskað eftir sérreglum sveitarstjórna og bókar sveitarstjórn Grýtubakkahrepps eftirfarandi er varðar sérreglur við úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu;

Þar sem aflla Grenivíkurbáta er almennt landað annarsstaðar og ekið til vinnslu á Grenivík, samþykkir sveitarstjórn að eftirfarandi sérreglur gildi um úthlutun byggðakvóta hreppsins:
1/3 hluta kvótans skal deila jafnt milli þeirra skipa sem sækja um byggðakvóta og eiga heimahöfn í Grýtubakkahreppi.
2/3 hlutum kvótans, skal skipta í hlutfalli við úthlutað aflamark sömu skipa fiskveiðiárið 2021/2022
Að öðru leyti fer eftir reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 995/2021 og lögum um stjórn fiskveiða.“

Þessu er hér með komið á framfæri. Vinsamlegast hafið samband ef frekari upplýsinga er óskað.

Meðf. er einnig útfyllt eyðublað það er ráðuneytið sendi með.

Með bestu kveðjum,


Þróstur Friðfinnsson, sveitarstjóri

Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022	
Sveitarfélag:	Grýtubakkahreppur, 6602, kt. 580169-2019
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:	Grenivík
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	10. janúar 2022
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	<p><i>1/3 hluta kvótans skal deila jafnt milli þeirra skipa sem sækja um byggðakvóta og eiga heimahöfn í Grýtubakkahreppi.</i></p> <p><i>2/3 hlutum kvótans, skal skipta í hlutfalli við úthlutað aflamark sömu skipa fiskveiðiaríð 2021/2022</i></p> <p><i>Að öðru leyti fer eftir reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 995/2021 og lögum um stjórn fiskveiða.“</i></p>
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	<p>Á Grenivík eru nú unnin nálægt 3000 tonnum af bolfiski á ári. Nánast öllum þeim afla er landað í öðrum höfnum og ekið til vinnslu á Grenivík. Megnið af þessum afla er veitt af skipum sem skráð eru á Grenivík.</p> <p>Því verður skipting að vera eftir öðrum leiðum en viðmiðun við landaðan afla á Grenivík.</p> <p>Skipting sú sem að ofan greinir hefur verið notuð í þessu skyni um nokkurt árabíl og ríkir um hana þökkaleg sátt í samfélaginu.</p>
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Horfið er frá löndunarskyldu.
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Sjá rökstuðning að ofan.

11.1.2022

